



## Fundur í skólaráði Grunnskólans í Borgarnesi

10.febrúar 2025

Mætt voru:

Skólastjóri: Guðlaug Erlendsdóttir

Fulltrúar kennara: Helena Björk Guðmundsdóttir og Þórhildur Bachman

Fulltrúi starfsfólks: Fanney Þorkelsdóttir

Fulltrúar foreldra: Bogi Emilsson og Sólveig Ólafsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélags: Andri Már Jónsson

Fulltrúar nemenda: Rikka Emilía Einarsdóttir og Brynjar Þór Þorsteinsson

Skólastjóri setti fundinn kl. 8:30.

Nýtt skólaráð kom saman í fyrsta sinn í vetur og bauð skólastjóri öll velkomin.

- Farið var yfir skólaráð, starfsáætlun og hlutverk þess.
- Skólastjóri fór almennt yfir áherslur skólastarfsins í vetur og renndi yfir starfsáætlun grunnskólans.
- Fjárhagsáætlun yfirstandandi fjárlagaárs var samþykkt af Borgarráði í desember s.l. auk þess sem aukafjárveiting fékkst fyrir tölvubúnaðarkaupum.
- Rætt var stuttlega um framkvæmdir sem staðið hafa yfir í allan vetur og tilkynnti skólastjóri að nú væri ljóst að töf yrði á afhendingu húsnæðisins til skólans og miðast núna við 1.apríl n.k.
- Önnur mál:
  - Starfsþróunarsamtöl standa nú yfir í skólanum og gert er ráð fyrir að þeim ljúki í febrúarmánuði. Að þeim loknum munu skólastjórnendur huga að mönnun fyrir næsta skólaár.
  - Foreldrafélagið hefur fundað um hugsanlega aðkomu að kaupum á tölvuútbúnaði sem skólann vanhagar um. Þetta er ennþá á hugmyndastigi og öll útfærsla óráðin. Hugmynd jafnvel að Hollvinasamtök Borgarness komi að þessu líka.

Annað ekki rætt og fundi slitið kl. 9:25.

Guðlaug Erlendsdóttir

Skólastjóri